

Tengja Outlook við Noona HQ


Síðast uppfært 25/06/2026 4:31 pm BST

Hvernig tengi ég Noona HQ við Outlook


! Áður en þú byrjar er mikilvægt að þú skráir þig inn á Noona HQ með þínu netfangi svo að þú getir tengt þitt Noona HQ dagatal (þ.e. ekki skrá þig inn t.d. með sameiginlegu netfangi stofunnar).

Áður en þú byrjar er mikilvægt að þú skráir þig inn á Noona HQ með þínu netfangi svo að þú getir tengt þitt Noona HQ dagatal (þ.e. ekki skrá þig inn t.d. með sameiginlegu netfangi stofunnar).

1. Þú byrjar á því að fara í **valmyndina** sem þú finnur uppi í vinstra horninu.
2. Ferð undir **skipulag** og skrollar neðst niður undir **stillingar**.
3. Ferð að lokum undir **aðgangur** og smellir á **viðbætur**.
4. Þar finnur þú Outlook og smellir á **tengja**.




5. Nú birtist þessi skjár og ef þú gefur leyfi smellir þú á bláa hnappinn **samþykkja**.



The screenshot shows a confirmation dialog in Outlook. At the top, there are icons for Noona (a black square with a white 'N') and Outlook (a blue square with a white 'O'), connected by a dashed line with a checkmark in the middle. Below the icons, the text reads: "Outlook vill tengjast Noona HQ reikningnum þínum". Underneath is a dropdown menu labeled "Útibú" with "Noona IS" selected. A section titled "Heimildir" lists several permissions: "Outlook þarf leyfi til þess að gera eftirfarandi fyrir þína hönd:", "Sækja upplýsingar um tímabókanir", "Búa til og breyta bókunum", "Sækja upplýsingar um fyrirtækið sem þú ert að tengja viðbótina við", "Sækja upplýsingar um þig", "Sækja upplýsingar um frítíma", "Stofna, breyta eða eyða frítímum", "Sækja upplýsingar um viðskiptavinum", and "Bæta við, uppfæra og eyða viðskiptavinum". At the bottom, there is a link: "Ertu á röngum aðgangi? [Nota annan aðgang](#)". Two buttons are at the bottom: "Hætta við" (white) and "Samþykka" (blue).

6. Næst opnast gluggi þar sem þú þarft að skrá þig inn í Outlook.

7. Nú ferðu inn í Outlook dagatalið þitt og passar upp á að það sé hakað í dagatalið **Noona: Noona IS**.



8. Nú ætti allt að vera klárt og bókanir í Noona HQ dagatalinu þínu ættu að byrja að flæða yfir í Outlook dagatalið þitt.

Hvernig virkar tengingin?

Dagatalstengingin er í aðra áttina (one-way sync) sem þýðir að tímabókanir í Noona HQ eru að flæða yfir í Outlook dagatalið en ekki öfugt.

Ef þú gerir breytingar á tímabókun í Noona HQ þá uppfærast sömuleiðis tímabókunin á Outlook dagatalinu.

Þá var það ekki fleira í bili. Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbútbluna spurningar vakna og/ef þú ert með einhverjar ábendingar [?](#)
